# REGLUGERÐ

**um (14.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.**

1. gr.

Við 4. töflu um hýdroxý-hliðstæður amínósýra í A. lið um skrá yfir afurðaflokka og efni í 4. viðauka II. kafla í samræmi við tilskipun 2003/104/EB bætist:

| Heiti afurðaflokks | Heiti afurðar | Táknun nærandi efnis eða örverutegund | Næringarefna-blanda (forskrift, ef við á) | Einkenni á samsetningu afurða | Dýrategund | Sérákvæði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| „4.1 Hliðstæða metíónín | 4.1.3 ísóprópýlestri af hydroxy-hliðstæðu metíonins | $CH_3$-S-$(CH_2)_2$-CH(OH) -COO-CH-$(CH_3)_2$ | — | — Einhliða estri: að lágmarki 90%<br>— Raki: að hámarki 1% | Mjólkurkýr | Upplýsingar á merkimiða eða umbúðum afurðarinnar:<br>— Ísóprópýlestri af 2-hýdroxý-4-metýlþíóbútansýru<br>Upplýsingar á merkingu eða umbúðum fóðurblöndunnar:<br>— Hliðstæðan metíónín: Ísóprópýlestri af 2-hýdroxý-4-metýlþíóbútansýru<br>— Hundraðshluti íblöndunar hliðstæðunnar metíóníns í fóðrinu.“ |

2. gr.

B. hluti um hámarksmörk fyrir innihald óæskilegra efna í afurðum sem ætlaðar eru í fóður í 1. viðauka um óæskileg efni í II. kafla breytist í samræmi við tilskipun 2003/100/EB á eftirfarandi hátt:

1. Eftirfarandi komi í stað 1., 2. og 3. liðar:

| Óæskileg efni | Afurðir sem ætlaðar eru í fóður | Hámarksstyrkur í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald |
|---|---|---|
| (1) | (2) | (3) |
| „1. Arsen ([8]) | Fóðurefni, að undanskildu: | 2 |

| Óæskileg efni | Afurðir sem ætlaðar eru í fóður | Hámarksstyrkur í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald |
|---|---|---|
| (1) | (2) | (3) |
| | — mjöli úr grasi, þurrkuðum refasmára og þurrkuðum smára, þurrkuðu sykurrófumauki og þurrkuðu melassa sykurrófumauki | 4 |
| | — pálmakjarnaköku | 4 (9) |
| | — fosfötum og kalkkenndum sjávarþörungum | 10 |
| | — kalsíumkarbónati | 15 |
| | — magnesíumoxíði | 20 |
| | — fóðri sem fellur til við vinnslu fisks eða vinnslu annarra sjávardýra | 15 (9) |
| | — þörungamjöli og fóðurefnum úr þörungamjöli | 40 (9) |
| | Heilfóður, að undanskildu: | 2 |
| | — heilfóðri fyrir fisk og heilfóðri fyrir loðdýr | 6 (9) |
| | Fóðurbætir, að undanskildu: | 4 |
| | — steinefnafóðri | 12 |
| 2. Blý | Fóðurefni, að undanskildu: | 10 |
| | — grænfóðri | 40 |
| | — fosfötum og kalkkenndum sjávarþörungum | 15 |
| | — kalsíumkarbónati | 20 |
| | — geri | 5 |
| | Heilfóður | 5 |
| | Fóðurbætir, að undanskildu: | 10 |
| | — steinefnafóðri | 15 |
| 3. Flúor | Fóðurefni, að undanskildu: | 150 |
| | — fóðri úr dýraríkinu að undanskildum sjávarkrabbadýrum, s.s. krílum | 500 |
| | — fosfötum og sjávarkrabbadýrum, s.s. krílum | 2 000 |
| | — kalsíumkarbónati | 350 |
| | — magnesíumoxíði | 600 |
| | — kalkkenndum sjávarþörungum | 1 000 |
| | Heilfóður, að undanskildu: | 150 |
| | — heilfóðri fyrir nautgripi, sauðfé og geitur | |
| | — á mjólkurskeiði | 30 |
| | — annað | 50 |
| | — heilfóðri fyrir svín | 100 |
| | — heilfóðri fyrir alifugla | 350 |
| | — heilfóðri fyrir kjúklinga | 250 |
| | Steinefnablöndur fyrir nautgripi, sauðfé og geitur | 2 000 (1) |
| | Annar fóðurbætir | 125 (2) |

(1) Aðildarríkin geta einnig mælt fyrir um hámarksinnihald flúors sem er 1,25% af fosfatinnihaldinu.

(2) Flúorinnihald fyrir hvert 1% af fosfór.

(8) Hámarksgildið vísar til heildarstyrks arsens.

(9) Rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð, skal, að beiðni lögbærra yfirvalda, láta fara fram greiningu til þess að sýna fram á að innihald ólífræns arsens sé minna en 2 milljónarhlutar. Þessi greining er sérlega mikilvæg að því er varðar þörungategundina *Hizikia fusiforme*.“

2. Í stað 7. liðar komi eftirfarandi:

| Óæskileg efni | Afurðir sem ætlaðar eru í fóður | Hámarksstyrkur í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald |
|---|---|---|
| (1) | (2) | (3) |
| „7. Aflatoxín B1 | Öll fóðurefni | 0,02 |
| | Heilfóður fyrir nautgripi, kindur og geitur, að undanskildu: | 0,02 |
| | — heilfóðri fyrir mjólkandi dýr | 0,005 |
| | — heilfóðri fyrir kálfa og lömb | 0,01 |
| | Heilfóður fyrir svín og alifugla (að undanskildu ungviði) | 0,02 |
| | Annað heilfóður | 0,01 |
| | Fóðurbætir fyrir nautgripi, sauðfé og geitur (að undanskildum fóðurbæti fyrir mjólkandi dýr, kálfa og lömb) | 0,02 |
| | Fóðurbætir fyrir svín og alifugla (að undanskildu ungviði) | 0,02 |
| | Annar fóðurbætir | 0,005“ |

3. Í stað 9. liðar komi eftirfarandi:

| Óæskileg efni | Afurðir sem ætlaðar eru í fóður | Hámarksstyrkur í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald |
|---|---|---|
| (1) | (2) | (3) |
| „9. Óbundið gossýpól | Fóðurefni, að undanskildu: | 20 |
| | — baðmullarfræi | 5 000 |
| | — baðmullarfræskökum og baðmullarfræsmjöli | 1 200 |
| | Heilfóður, að undanskildu: | 20 |
| | — heilfóðri fyrir nautgripi, sauðfé og geitur | 500 |
| | — heilfóðri fyrir alifugla (að undanskildum varphænum) og kálfa | 100 |
| | — heilfóðri fyrir kanínur og svín (að undanskildum mjólkurgrísum) | 60“ |
| | | |

4. Í stað 22. liðar komi eftirfarandi:

| Óæskileg efni | Afurðir sem ætlaðar eru í fóður | Hámarksstyrkur í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald |
|---|---|---|
| (1) | (2) | (3) |
| „22. Endósúlfan (summa alfa- og beta-myndbrigða og endósúlfansúlfats, gefið upp sem endósúlfan) | Allt fóður, að undanskildu: | 0,1 |
| | — maís og afurðum úr vinnslu hans | 0,2 |
| | — olíufræjum og afurðum úr vinnslu þeirra | 0,5 |
| | — heilfóðri fyrir fisk | 0,005“ |

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og til innleiðingar á tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar nr. 2003/100/EB og 2003/104/EB samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 34 frá 23. apríl 2004. Reglugerðin tekur þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 27. apríl 2004.*

F. h. r.
**Ólafur Friðriksson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*